

Ársskýrsla Blindrafélagsins samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi fyrir starfsárið 2020-2021



BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939



Ársskýrsla Blindrafélagsins
samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi
fyrir starfsárið 2020-2021

Efnisyfirlit

Ársskýrsla Blindrafélagsins	2
Stjórn	2
Starfsmenn	2
Áhrif heimsfaraldurs kórónuveirunnar	3
Rekstrarniðurstaða	4
Aðal-, félags- og stjórnarfundir	4
Skrifstofa og móttaka Blindrafélagsins	4
Verkefni og fjáraflanir	4
Rekstur Hamrahlíðar 17	7
Áhersluverkefni og réttindagæsla	8
Aðgengismál	10
Félagsmál og jafningjastuðningur	14
Samstarfsaðilar innanlands	18
Lokaorð formanns	18
Aðrar skýrslur	19
Blindravinnustofan 2020	19
Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu	20
Starfsemi Hljóðbókasafns Íslands árið 2020	24

Ársskýrsla Blindrafélagsins

Ársskýrsla Blindrafélagsins fyrir starfsárið 2020–2021 gerir grein fyrir helstu áherslum, nýjungum og áskorunum í starfi félagsins á starfsárinu. Varðandi ítarlegri upplýsingar vísast í ársreikninga, fundargerðir aðal-, félags- og stjórnarfunda sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Stjórn

Í stjórn Blindrafélagsins starfsárið 2020–2021 voru eftirfarandi:

Sigþór U. Hallfredsson, formaður (2020–2022).

Kaisu Kukka-Maaria Hynninen, varaformaður (2019–2021).

Eyþór Kamban Þrastarson, gjaldkeri (2020–2022).

Ásdís Evlalía Guðmundsdóttir, ritari (2020–2022).

Hlynur Þór Agnarsson, meðstjórnandi (2019–2021).

Dagný Kristmannsdóttir, varamaður (2020–2022).

Guðmundur Rafn Bjarnason, varamaður (2019–2021).

Rósa Ragnarsdóttir, varamaður (2019–2021).

Þórarinn Þórhallsson, varamaður (2020–2022).

Samkvæmt lögum félagsins eru formaður og stjórnarmenn kosnir til tveggja ára í senn og er helmingur stjórnar kosinn á hverju ári. Þau sem voru kosin fyrir tveimur árum og eru þar með að ljúka tveggja ára kjörtímabili á þessum aðalfundi eru:

Hlynur Þór Agnarsson.

Kaisu Kukka-Maaria Hynninen.

Guðmundur Rafn Bjarnason.

Rósa Ragnarsdóttir.

Starfsmenn

Alls störfuðu 20 einstaklingar hjá félaginu í 13,7 stöðugildum. Engar breytingar urðu á starfsmannaskipan félagsins á árinu.

Starfsmenn félagsins á árinu voru:

Baldur Snær Sigurðsson, tækni- og tölvuráðgjafi.

Dagný Kristmannsdóttir, trúnaðarmaður.

Friðrik Steinn Friðriksson, fjáröflunarfulltrúi og hönnuður.

Guðvarður Birgir Birgisson, húsvörður.

Gunnar Már Óskarsson, afgreiðsla.

Helga Friðriksdóttir, trúnaðarmaður.

Hildur Björnsdóttir, gjaldkeri og umsjónarmaður ferðaþjónustunnar.

Hlynur Þór Agnarsson, aðgengisfulltrúi.

Ingólfur Garðarsson, fjáröflunarfulltrúi.
Jón Helgi Gíslason, trúnaðarmaður.
Katrín Gunnarsdóttir, ræstingar.
Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri.
Kristín Waage, bókari.
Lára Kristín Lárusdóttir, afgreiðsla og umsjón með Opnu húsi.
Margrét Pálsdóttir, fjáröflunarfulltrúi.
Marjakaisa Matthíasson, alþjóða- og félagsmálafulltrúi.
Sigbór U. Hallfredsson, formaður.
Þorkell Jóhann Steindal, hljóðvinnsla.
Þórkatla Norðquist, matartæknir í eldhúsi.

Um nokkurra ára skeið hefur það verið stefna Blindrafélagsins að gefa blindum og sjónskertum einstaklingum færi á að starfa fyrir félagið. Hefur það m.a. verið gert með því að haga starfslýsingum þannig að þær séu ekki útilokandi fyrir blinda eða sjónskerta einstaklinga. Það er því sérstaklega ánægjulegt að greina frá því að af þeim 20 starfsmönnum sem taldir eru upp hér fyrir framan eru 11 blindir eða sjónskertir.

Áhrif heimsfaraldurs kórónuveirunnar

Það fer ekki hjá því að starfsemi félagsins á starfsárinu sé mörkuð áhrifum heimsfaraldursins af völdum kórónuveirunnar sem orsakar Covid-19 veikina. Nauðsynlegar sóttvarnaráðstafanir hafa sett öllu félagsstarfi miklar skorður og haft áhrif um allt samfélagið. Blindrafélagið hefur mætt þessum aðstæðum af fullri ábyrgð og hagað allri hefðbundinni starfsemi sinni í fullu samræmi við tilmæli sóttvarnaryfirvalda hverju sinni. Allt hefur verið gert til að lágmarka smithættu og verja þannig félagsmenn og þá sem sækja vinnu eða búa í Hamrahlíð 17. Á tímabilum hefur bæði afgreiðslunni og mötuneytinu verið lokað og starfsmenn unnið að heiman. Starfsmenn sinntu þá öllum erindum félagsmanna með fjarþjónustu eins og kostur var. Blindravinnustofan gerði sömuleiðis viðeigandi ráðstafanir en þar jókst álagið mikið vegna aukinnar eftirspurnar eftir vörum.

Eins og þessi ársskýrsla ber með sér hafði ástandið minni áhrif á reglubundinn rekstur félagsins og verkefni skrifstofunnar en í fyrstu mátti ætla þrátt fyrir breyttar aðstæður með vinnu að heiman og tímabundnum lokunum afgreiðslunnar. Félagsstarfið varð hins vegar fyrir meiri áhrifum, sumt féll niður um tíma eða var alfarið slegið á frest en annað fann sér breyttan farveg. Þannig var Opið hús sent út á Vefvarpinu þegar ekki mátti hittast í Hamrahlíðinni, heilsuklúbburinn hefur nýtt sér samskiptaforrit til fjaræfinga og skemmtinefndin haldið bæði jólahlaðborð og þorrablot í fjarfundi. Einnig hafa fundir á vegum félagsins og fræðsluerindi verið haldin í fjarfundi.

Bæði starfsfólk og félagsmenn hafa sýnt mikla aðlögunarhæfni og æðruleysi við þessar krefjandi aðstæður og tekist vel upp við að gera það besta úr aðstæðum hverju sinni.

Rekstrarniðurstaða

Heilt yfir gekk reksturinn vel á árinu, heildarvelta félagsins á árinu 2020 nam 251,4 m.kr. sem er 2,4% aukning frá 2019. Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði og afskriftir var jákvæð um 11,5 m.kr. Að meðtöldum fjármagnsliðum og afskriftum var afkoman jákvæð um 1,8 m.kr. Sjá nánar í ársreikningum.

Aðal-, félags- og stjórnarfundir

Aðalfundi Blindrafélagsins varð að fresta í maí vegna áhrifa heimsfaraldursins og var hann haldinn 17. október 2020. Fundurinn var haldinn alfarið með stafrænum hætti í gegnum fjarfundabúnaðinn Zoom og útsendingu í Vefvarpinu. Jafnframt var í fyrsta sinn tekin upp sú nýbreytni að viðhafa rafrænar kosningar í öruggu kosningakerfi. Fjarfundurinn gekk sérlega vel og hnökralaust fyrir sig og það sama er að segja um rafrænu kosningarnar. Hvort tveggja mæltist vel fyrir og er ljóst að þessi háttur mun verða hafður á í framtíðinni.

Félagsfundur var haldinn 25. febrúar 2021 og var hann einnig haldinn í gegnum fjarfundahugbúnaðinn Zoom og í útsendingu í Vefvarpinu. Á fundinum gerði aðgengisteymi Blindrafélagsins grein fyrir þeim fjölbættu aðgengisverkefnum sem teymið vinnur að varðandi umferli og tæknilausnir.

Frestun aðalfundar síðasta árs hafði þau áhrif að yfirstandandi kjörtímabil stjórnar varð óvenjustutt eða sjö mánuðir. Stjórn Blindrafélagsins starfsárið 2020–2021 hélt samtals 10 stjórnarfundum auk vinnufunda.

Skrifstofa og móttaka Blindrafélagsins

Samkvæmt mælingum fær skrifstofa félagsins að jafnaði um 7000 símtöl yfir árið, um 650–700 símtöl berast á mánuði yfir vetrartímamann sem gerir um 30–35 símtöl á dag að jafnaði, en yfir hásumartímamann eru innhringingar um það bil 10–15 símtöl á dag að jafnaði.

Auk þess sinnir móttakan vörusölu og fær einnig ótaldar heimsóknir á ári af fólki sem leitar eftir upplýsingum og þjónustu skrifstofunnar.

Verkefni og fjáraflanir

Rekstur Blindrafélagsins og þau verkefni sem félagið sinnir eru mjög háð fjáröflunum félagsins. Meira en helmingur af rekstrarfé félagsins (58%) kemur í gegnum fjáraflanir meðal almennings. Árangur í fjáröflunum byggir mikið á því jákvæða orðspori sem félagið nýtur meðal almennings. Það er mikilvægt að vera á tánum því að aðstæður breytast í sífellu og samkeppni er almennt að hardna.

Fleiri félagasamtök halda úti svipuðum fjáröflunum og Blindrafélagið og leita eftir styrkjum frá fyrirtækjum og einstaklingum. Fjöldi sölumanna hefur atvinnu af því að selja almenningi varning í nafni vel þekktra samtaka. Framlög fyrirtækja eru mjög háð sveiflum í atvinnulífinu og það hefur sýnt sig að það getur verið fallvalt að treysta of mikið á fjárhagsstuðning fyrirtækja. Mikilvægt er jafnframt að draga eftir föngum úr kostnaði og reyna að gera hvert verkefni eins hagkvæmt og kostur er.

Megnið af fjáröflunarfé Blindrafélagsins kemur frá einstaklingum. Aukin áhersla hefur verið lögð á að nýta samfélagsmiðlana til að vekja athygli á fjáröflunum félagsins.

Á árinu 2020 skiluðu fjáraflanir félagsins 59,2 m.kr. umfram beinan og sameiginlegan kostnað á móti 53,4 m.kr. árið á undan.

Vörusala og tækjaleiga

Tekjur af vöru-, þjónustusölu og tækjaleigu á árinu voru 22,2 m.kr. Þetta er 14% samdráttur og má rekja hann til Covid-19 faraldursins. Blindrafélagið selur ýmiss konar vöru sem framleiddar eru með þarfir blindra og sjónskerta í huga, eins og t.d. aðgengislausnir, bæði stafrænar og ferilslausnir. Að auk selur félagið Þríkrossinn og vörur frá Blindravinnustofunni. Félagið leigir einnig út hjálpartæki, eins og Vefvarpið og lestrartæki. Í vefverslun félagsins eru myndir og verð á öllum hlutum sem þar eru seldir. Félagið vill með þessu bæta framboð af hjálpartækjum og lítur á þessa starfsemi sem aukna þjónustu við félagsmenn.

Þjónustusamningar og styrkir

Styrkur frá félags- og barnamálaráðuneyti fyrir árið 2020

Blindrafélagið hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við félags- og barnamálaráðuneytið (áður velferðarráðuneytið) sem kveður á um að ráðuneytið styrkir tiltekna starfsemi á vegum félagsins sem miðar að stuðningi til sjálfstæðis. Fyrir árið 2020 var þjónustusamningur upp á 7 m.kr.

Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg

Blindrafélagið hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Samningurinn vegna 2020 hljóðaði upp á 3 m.kr.

Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands

Öryrkjabandalag Íslands veitir aðildarfélögum sínum árlega styrki til ýmissa verkefna. Heildarstyrkur ÖBÍ til Blindrafélagsins á árinu 2020 var 11,3 m.kr. Auk grunnreksturs styrkti ÖBÍ eftirtalin verkefni Blindrafélagsins:

- Leiðsöguhundaverkefnið.
- Aðgengisverkefni
- RIWC2020-ráðstefnuna í Hörpu. Ráðstefnunni var frestað vegna Covid-19 og verður hún haldin 2022.

Aðrir styrkir og gjafir

Ýmsir einstaklingar og fyrirtæki styrktu félagið með stórum og smáum gjöfum og margir þeirra vilja ekki láta nafns síns getið. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Án þeirra væri starf félagsins ekki jafn blómlegt og raun ber vitni.

Bakhjarlar

Bakhjarlar Blindrafélagsins telja nú um 6.000 manns. Bakhjarlakerfið skilaði 28,2 m.kr. hagnaði á árinu 2020, á móti 14,5 m.kr. 2019.

Samstarfið við Miðlun hélt áfram frá fyrra ári. Samstarfið við Miðlun felst í því að starfsfólk Miðlunar hringir í fólk og býður því að gerast bakhjarlar félagsins með því greiða fast mánaðarlegt bakhjarlagjald. Að meðaltali greiða bakhjarlar um 1.500 kr. á mánuði. Fríðindi sem fylgja mánaðarlegu bakhjarlagjaldi eru sjóntrygging, Víðsjá og leiðsöguhundadagatal.

Happdrætti

Happdrætti Blindrafélagsins er ein mikilvægasta fjáröflun félagsins og hefur svo verið í mörg ár. Happdrættið fer fram tvisvar á ári með útdrætti í júlí annars vegar og desember hins vegar. Vorhappdrættið hefur yfirleitt verið minna í sniðinu en hausthappdrættið stærra, við breyttum til og skiptum. Gefin voru út 157.000 miðanúmer í vorhappdrættinu.

Hausthappdrættið var því minna en árið á undan. Heildarupplag útgefna miða var 60.000. Miðar voru sendir til allra landsmanna á aldrinum 30–88 ára. Sem fyrr fengu þeir sem eru 60 ára og eldri sína miða senda á pappír en þeir yngri fengu einungis rafræna miða.

Miðaverð var 2.900 kr. Happdrættið skilaði félaginu 25,8 m.kr. afkomu á árinu þegar allur beinn og sameiginlegur kostnaður hefur verið reiknaður sem 4,1 m.kr. betri en 2019.

Víðsjá

Víðsjá, tímarit Blindrafélagsins, kom að vanda út tvisvar á árinu 2020. Um leið og Víðsjá er mikilvæg sem mál gagn Blindrafélagsins er blaðið einnig mikilvægt fjáröflunarverkfæri. Tekjurnar sem félagið hefur

af Víðsjá liggur í valkröfum sem sendar eru þeim sem fá blaðið sent og auglýsingum og styrktarlínunum. Á árinu 2020 skilaði Víðsjá 17,3 m.kr. í tekjur umfram kostnað. Ritstjóri Víðsjár á árinu var Friðrik Steinn Friðriksson.

Jólaort

Tekjur af jólaortasölu á árinu umfram kostnað var 3,6 m.kr. samanborið við 3,6 m.kr. árið 2019. Salan fer að mestu fram með útsendingu á jólaortapökkum til félagsmanna, bakhjarla og annarra áskrifenda, en alls voru sendir út um 2.100 pakkar ásamt valkröfum að upphæð 2.800 kr. Á árinu voru ekki prentuð ný kort heldur voru eldri kort send út.

Leiðsöguhundaverkefnið.

Á árinu 2020 komu tveir nýir leiðsöguhundar til landsins, Nova og Sansa. Í árslok voru 8 starfandi leiðsöguhundar á Íslandi.

Leiðsöguhundadagatal Blindrafélagsins er hugsað sem kynning á leiðsöguhundaverkefni Blindrafélagsins og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar. Á árinu 2020 var dagatalið gefið út í 12.000 einstökum.

Áframhald var á kassasölu hjá Bónus og Samkaup á 1.939 kr. og jókst salan um 40% á milli ára. Samtals seldust tæplega 3.000 eintök. Send voru út 11.000 dagatöl ásamt valkröfu upp á 2.350 kr. Afkoma á árinu 2020 var jákvæð upp á 9,1 m.kr. samanborið við 12,9 m.kr. á árinu 2019.

Þessu til viðbótar fékk Blindrafélagið styrk frá félags- og barnamálaráðuneytinu upp á 3,5 m.kr. til kaupa á leiðsöguhundi.

Fyrirtækjasöfnun

Leitað var til um 1.500 fyrirtækja sem höfðu styrkt félagið með framlögum á síðustu þremur árum. Afrakstur fyrirtækjasöfnunarinnar var 2 m.kr. en árið á undan var afkoman um 2,5 m.kr.

Rekstur Hamrahlíðar 17

Útleiga á húsnæði:

Tekjur Blindrafélagsins af útleigu húsnæðis á árinu 2020 voru 55,8 m.kr. á móti 57,7 m.kr. árið á undan. Þessi samdráttur skýrist af samdrætti í leigu á íbúðum í skammtímaleigu og salnum vegna Covid-19 sóttvarnareglna. Starfsemi í Hamrahlíð 17 er eftirfarandi:

1. hæð: Augnlæknar Reykjavíkur vegna Optic Reykjavík og Blindravinnustofan ehf. Auk þess eru skrifstofur Blindrafélagsins á hæðinni.

2. hæð: Augnlæknar Reykjavíkur og Félagsheimili Blindrafélagsins.

Félagsheimilið státar af samkomu og fundarsölum, mótuneyti, líkamsræktarsal og meðferðar- og samtalsherbergi. Salina geta félagsmenn fengið leigða.

3. og 4. hæð: 20 leiguíbúðir í langtímaleigu fyrir félagsmenn, tvær gestaíbúðir og tvö gestaherbergi til útleigu fyrir félagsmenn og ættingja þeirra til skemmri

dvalar. Var nýting gestahúsnæðisins afar dræm sökum þess að bæði herbergin og íbúðirnar voru að mestu lokaðar vegna sóttvarnareglna.

Var nýtingin sem hér segir:

Íbúð 401 (gestaíbúð/endurhæfingaríbúð): 23%.

Íbúð 309 (gestaíbúð): 19%.

Íbúð 304 (gestaherbergi): 3%.

Íbúð 404 (gestaherbergi): 2%.

Viðhaldsframkvæmdir innanhúss

Þar sem virðisaukaskattur er núna endurgreiddur af vinnu iðnaðarmanna við atvinnuhúsnæði er hagstætt að ráðast í viðhaldsframkvæmdir. Húsnæðið hefur þegar verið tekið að utan og unnið er að viðhaldi innanhús. Meðal viðhs og endurbótaverkefna sem ráðist hefur í má nefna, málun, uppsetning á vel sýnilegum tröppunefjum, loftræsing á skrifstofu, Að auki var litli salurinn tekinn í gegn og er þar núna líkamsræktaraðstaða. Skipt var um gólfefni í rýminu á 2. hæð sem augnlæknarnir leigja.

Þessu til viðbótar var umtalsvert viðhald á nokkrum leiguíbúðum.

Stækkun Hamrahlíðar 17

Leyfi hefur fengist frá skipulagsyfirvöldum Reykjavíkurborgar til að hækka Hamrahlíð 17 um eina inndregna hæð. Nýja hæðin verður um 500 fm.

Tilgangurinn með hækkuninni er að skapa Þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni meira rými og einnig að fá Hljóðbókasafn Íslands í Hamrahlíðina.

Undirbúningur að verkefninu er þegar hafinn og hefur verkefnið verið kynnt félagsmálaráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu. Þarfagreining og hönnunarferli er komið af stað og er áætlað að framkvæmdir hefjist sumarið 2022.

Áhersluverkefni og réttindagæsla

Ferðapjónusta

Á árinu 2020 náðust samningar um ferðapjónustusamning við Mosfellsbæ um ferðapjónustu fyrir lögblinda íbúa sveitarfélagsins.

Í lok ársins 2020 voru 677 einstaklingar með ferðapjónustusamninga. Þar af eru 107 sem eru utan sveitarfélaga með samning um þjónustuna, þ.e. fá 20% afslátt af ferðunum auk umsýslugjalds sem er 120 kr. á ferð.

Sveitarfélag	Heildar- hlutdeild	Fjöldi ferða	Meðaltal pr. ferð
Akureyrarbær	801.090	565	1.418
Akureyrarbær, ferðir á höfuðborgarsvæðinu	14.568	3	4.856
Bláskógabyggð	22.816	12	1.901
Garðabær	2.675.154	721	3.710

Hafnarfjörður	2.917.904	869	3.357
Ísafjarðarbær, ferðir á höfuðborgarsvæðinu	6.384	2	3.192
Kaldrananeshreppur, ferðir á höfuðborgarsvæðinu	14.344	9	1.593
Kópavogsbær	8.888.968	3,869	2.297
Kópavogsbær, A-kort	2.504.008	1,020	2.454
Reykjavíkurborg	66.717.042	28,144	2.370
Seltjarnanesbær	1.053.720	417	2.527
Seltjarnanesbær, A-kort	2.102.848	948	2.118
Stykkishólmsbær, ferðir á höfuðborgarsvæðinu	6.464	4	1.616
Sveitarfélagið Árborg, ferðir á höfuðborgarsvæðinu	63.496	31	2.048
Vestmannaeyjar, ferðir á höfuðborgarsvæðinu	88.856	46	1.931
Samtals	87.877.662	36.660	
Notendur með 20% afslátt	1.278.048	544	2.349

Réttindagæsla

Eins og undanfarin ár hefur Blindrafélagið aðstoðað félagsmenn við að gæta eða sækja réttindi sem þeim kann að vera neitað um. Auk þátttöku formanns og framkvæmdastjóra félagsins hefur í sumum tilvikum þurft að kalla til lögmann félagsins. Í slíkum tilvikum kemur lögmaður félagsins fram fyrir hönd félagsmanns og því hefur félagið ekki verið beinn málsaðili. Mjög góður árangur hefur náðst í þessari réttindagæslu og hafa mál sem snúa að ferðapjónustu, rétti til örorkubóta og húsnæðismálum verið leyst á farsælan máta fyrir félagsmenn.

Alþjóðasamstarf

Blindrafélagið tekur virkan þátt í norrænu samstarfi blindrasamtakanna. NSK er samstarfsnefnd norrænna blindrasamtakanna og NKK er kvennanefnd þeirra. Árlega eru haldnir tveir fundir í þessum nefndum. Á árunum 2020–2021 fara Finnar með formennsku í samstarfinu. Rætt er um málefni sem varða öll samtök. Síðustu tvö skipti hafa fundirnir verið haldnir rafrænt á Teams. Á fundi NSK í mars 2021 kynnti Hlynur Þór Agnarsson, aðgengisfulltrúi Blindrafélagsins, NaviLens-kóðakerfið.

Blindrafélagið tekur einnig þátt í starfi European Blind Union (EBU), World Blind Union (WBU) og Retina International (RI). Innan EBU starfa tölvupóstahópar um margs konar hagsmuni, m.a. jafnréttismál,

aðgengi, menningu og sjónskerðingu (low vision) og hafa starfsmenn og félagsmenn tekið þátt í starfi þessara hópa, m.a. á rafrænum fundum. Blindrafélagið á aðild að eftirtöldum alþjóðlegum samtökum:

- European Blind Union (EBU)
- Nordisk Samarbejdskomité (NSK), Nordisk kvinnokommitté (NKK) og Nordisk ungdomskommitté (NUK)
- Retina International (RI)
- World Blind Union (WBU)

Aðgengismál

Starf aðgengisfulltrúa Blindrafélagsins er fjölbreytt og nær yfir bæði ferilfræðilegt og rafrænt aðgengi auk ýmissa tæknimála. Samvinna með ýmsum aðilum er lykilatriði, þar á meðal með félagsmönnum Blindrafélagsins og annarra hagsmunasamtaka, sérfræðingum PPM, stjórnendum stofnana og fyrirtækja um land allt.

Undanfarin ár hefur verið unnin mjög góð vinna sem hefur gert aðgengismálin sýnilegri og hefur það m.a. skilað því að stofnanir og fyrirtæki eru meðvitaðri um tilvist og mikilvægi þeirra.

Ein helsta áskorunin sem við stöndum frammi fyrir í dag er að stuðla að því að aðgengismál öðlist fastan sess innan fyrirtækja og stofnana og verði fastur hluti af öllum verkefnum í daglegum rekstri þeirra. Mikil tækifæri felast í breytingu vinnuferla þegar kemur að stafrænni og ferilfræðilegri uppbyggingu. Það viðhorf sem við viljum sjá á fleiri stöðum er að aðgengi sé haft til hliðsjónar frá upphafi og í gegnum allt ferlið, allt frá upphafi til enda. Aftur á móti er endir frekar lóðið hugtak og er það einnig tilefni til viðhorfsbreytinga, að aðgengi er ekki áfangastaður heldur ferðalag og ber ávallt að hafa í huga.

Bætt aðgengi í Hamrahlíð 17

Eitt af verkefnum aðgengisfulltrúa er að bæta aðgengi í Hamrahlíð 17 og sjáum við húsið okkar sem kjörinn vettvang til þess að prófa ýmsar lausnir og nýta þær sem við vitum að virka vel. Snemma á síðasta ári skiptum við út köntum á öllum tröppum í stigagangi hússins og létum setja gul tröppunef í staðinn. Síðastliðið sumar létum við setja niður leiðarlínu fyrir framan húsið sem leiðir frá inngangi að gangstétt og tók Reykjavíkurborg þátt í því verkefni með því að koma fyrir áherslusvæði á göngustígnum í tengingu við línuna okkar. Vinna stendur einnig yfir við að merkja Hamrahlíð 17 með NaviLens-merkingum og er sú vinna á lokametrunum.

Talgervlar og tengdar lausnir

Blindrafélagið er áfram í samstarfi með ReadSpeaker með íslensku vefþuluna. Þetta samstarf hefur dafnað vel undanfarin ár og hefur útbreiðsla og notkun á vefþulunni aukist á milli ára. Blindrafélagið sér m.a. um milligöngu við sölu,

ásamt því að sjá um að þýða framhlið lausnarinnar yfir á íslensku fyrir íslenskar vefsíður.

Blindrafélagið vinnur einnig með ReadSpeaker við að sjá til þess að talgervilsraddirnar Karl og Dóra séu til fyrir Android-stýrikerfi og er hægt að ná í raddirnar sér að kostnaðarlausu í Google Play. Samkvæmt Google Play hafa raddirnar verið sóttar yfir 500 sinnum. Raddirnar munu þó hverfa úr Google Play Store í ágúst 2021 af tæknilegum ástæðum og er vinna á vegum Almennaróms og SÍM-hópsins um smíði nýrra Android-radda í gangi og vonir standa til að komnar verði nýjar raddir á markaðinn áður en Karl og Dóra detta út.

Samstarf við Siteimprove

Blindrafélagið og Siteimprove hafa gert með sér samvinnusamkomulag. Siteimprove hefur verið duglegt við að kynna mikilvægi þess að vefir séu aðgengilegir öllum notendum Internetsins og býður upp á lausn fyrir vefumsjónarfólk til að fylgjast með ef villur eða vandamál finnast á vefjum þeirra. Við eigum því mikla samleið með Siteimprove og munum vinna með þeim að því að halda áfram vitundarvakningu og kynningum á aðgengismálum, ásamt því að kynna lausnina þeirra.

Umboð fyrir leiðarlínur og tengdar vörur

Blindrafélagið er með umboð fyrir vörur frá tékkneska framleiðslufyrirtækinu Handi-Friendly en um er að ræða leiðarlínur, áherslusvæði og fleiri vörur tengdar ferilfræðilegu aðgengi. Í upphafi árs 2020 voru settar niður línur í Háskóla Íslands frá Handi-Friendly og var það ein af stærstu pöntunum sem við höfum fengið frá upphafi. Eins og frægt er orðið kom upp mikill leki í Háskóla Íslands og varð mikið tjón. Hins vegar virðast leiðarlínurnar, að sögn byggingastjóra HÍ, hafa lifað þetta af án skemmda. Ef það reynist rétt sýnir það skýrt hversu sterkar og endingargóðar þessar línur eru. Einnig gerði Blindrafélagið samning um að gerast umboðsaðili Olejár frá Slóvakíu, en með þeim samningi höfum við aukið úrvalið af lausnum sem við getum boðið upp á og hefur Félagsstofnun stúdenta nú þegar keypt vörur frá þeim í gegnum okkur og er ætlað að setja þær línur niður í Stúdentakjallaranum, Hámu og Bóksölu stúdenta.

Samstarf við NaviLens

Samstarf Blindrafélagsins og NaviLens heldur áfram og hefur Þjónustu- og þekkingarmiðstöðin komið inn í það samstarf. Það er gífurlegur fengur fyrir okkur að fá þau inn þar sem þau eru í miklum beinum samskiptum við stofnanir, skóla og vinnustaði sem og sína skjólstæðinga og þekkja þeirra þarfir vel. Prófanir á NaviLens standa nú yfir í Háskólanum í Reykjavík, af hálfu Miðstöðvarinnar, fyrir hönd félagsmanns okkar sem stundar nám þar. NaviLens eru gagnvirk merki sem hægt er að lesa með smáforriti í snjallsíma og er ein mest spennandi lausnin á markaði í dag fyrir umhverfismerkingar.

Þátttaka í EBU Access Cast hlaðvarpinu

Í lok síðasta árs tók Hlynur Þór, aðgengisfulltrúi Blindrafélagsins, sæti sem einn af þáttarstjórnendum í aðgengishlaðvarpi European Blind Union. Hlaðvarpið tekur á, eins og nafnið gefur til kynna, aðgengismálum fyrir blinda og sjónskerta og er gaman að Blindrafélagið sé komið með fulltrúa þar inni. EBU Access Cast þættirnir eru gefnir út á sex vikna fresti og má nálgast á heimasíðu EBU, á Spotify, í Vefvarpinu og víðar.

Dómnefnd SVEFI. Íslensku vefverðlaunin 2020

Hlynur Þór, aðgengisfulltrúi Blindrafélagsins, var tilnefndur í dómnefnd fyrir Íslensku vefverðlaunin sem fóru fram þann 26. mars síðastliðinn. Þátttaka Blindrafélagsins í dómnefndarstörfum gaf aðgengismálum aukið vægi og hafði það mikil áhrif á hvaða verkefni stóðu uppi sem sigurvegarar í sínum flokkum og náðu inn á topp 5 lista.

Tæknimál og tækniráðgjöf

Baldur Snær sinnir starfi tölvu- og tækniráðgjafa. Starfið er fólgið í því að þjónusta tækni á vegum Blindrafélagsins, stýra verkefnum tengdum þeirri tækni og sjá til þess að notendur tækninnar fái aðstoð og þjónustu. Starfið er einnig fólgið í því að þróa og skoða nýjungar í tæknimálum sem geta nýst blindum og sjónskertum.

Félagsmönnum er velkomið að leita sér aðstoðar til tækniráðgjafans fyrir hin ýmsu tölvu- og tæknimál og það sem þá vantar hjálp með. Mikil samvinna er með Þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu (PPM) og er markmiðið að veita félagsmönnum alla þá aðstoð sem þá vantar fyrir sína daglegu notkun tölvu og tækja.

Einnig er hægt að bóka viðtals-, aðstoðar- eða kennslutíma fyrir t.d. vefvarpsnotkun eða fyrir notkun talgervla.

Talgervilsraddirnar Karl og Dóra

Blindrafélagið hefur haldið áfram að úthluta talgervilsröddunum Karli og Dóru til allra þeirra einstaklinga sem ekki geta lesið með eðlilegum hætti. Einnig er hægt að kaupa íslensku raddirnar hjá Blindrafélaginu.

Árið 2020 voru úthlutaðar og seldar um 180 raddir. Frá upphafi hafa um 2.200 einstaklingar og fyrirtæki keypt eða fengið úthlutað röddum af Blindrafélaginu. Í ársbyrjun 2021 kom í ljós að við uppfærslu í Android 11 á farsímum og spjaldtölvum, hættu íslensku raddirnar Karl og Dóra að virka. Félagið sendi frá sér tilkynningu og varaði við þessari uppfærslu á sama tíma og haft var samband við Almennaróm og SÍM – Samstarf um íslenska máltækni. Forgangsröðun á íslenskum máltækniverkferum hefur verið breytt og er nú ný

talgervilrödd fyrir Android-stýrikerfið framfar í röðinni. Vonast er til að ný rödd verði aðgengileg og nothæf fyrir Android árið 2021 eða 2022.

Vefvarp Blindrafélagsins

Félagið heldur áfram að dreifa og viðhalda Vefvarpi Blindrafélagsins. Yfir 320 tæki eru í notkun hjá félagsmönnum og á árinu var ýmsu nýju efni bætt í efnisúrvalið.

Nú er hægt að hlusta á íslenska hlaðvarpsþætti í Vefvarpinu. Hlaðvörp eru mjög vinsæl um þessar mundir og mikið úrval af efni sem hægt er að hlusta á og nálgast. Notendum Vefvarpsins er velkomið að hafa samband við félagið og óska eftir að hlaðvarpsþáttum sé bætt á listann ef þeir taka eftir því að eitthvað vantar.

Opið hús er einnig komið í Vefvarpið og er hægt að hlusta á það hvort sem er í beinni útsendingu eða upptöku. Í framtíðinni verður Opið hús ávallt tekið upp þegar hægt er og gert aðgengilegt í Vefvarpinu fyrir alla sem vilja hlusta.

Vinsælustu liðir Vefvarpsins eru hljóðbækur, Opið hús, dagblöð, tímarit og vefmiðlar, útvarpsstöðvar, íslensk hlaðvörp og textalestur sjónvarpsstöðva.

Vefvarpið er, og mun vera, í stöðugri þróun hjá okkur um komandi ár.

Mötuneyti Blindrafélagsins – skýrsla matráðs

Þórkatla sér um mötuneytið. Árið 2020 seldust 3.622,5 máltíðir, sem er töluvert minna en árið á undan. Þar er Covid-19 um að kenna, en eldhúsið var að mestu bara opið fyrir starfsmenn og íbúa hússins.

Í Opnu húsi seldust 479 kaffiskammtar en við gátum einungis haldið 32 Opin hús. Gestir í boði umsjónarmanna voru 46.

Þegar hugað er að eldhúsi félagsins þarf að hafa í huga hvernig uppbygging mötuneytis er, með tilliti til aðstöðu og aðbúnaðar sem er til staðar í eldhúsi, sem og fyrirkomulag og skipulag í matsal þannig að allt gangi sem best og þægilegast fyrir sig á mestu álagstímum. Keypt var steikarpanna sem er góð viðbót í eldhúsið og hentar hún afskaplega vel þegar hamborgarar eru í matinn. Vinnuaðstaðan er mjög góð.

Í starfinu eru höfð að leiðarljósi þau ráð sem heilbrigðiseftirlit og manneldisráð mæla með og hvet ég einnig aðra til að fylgja þeim eftir. Fylgt er eftir þeim reglum sem settar eru upp í heilbrigðismálum, en þar eru dagleg þrif stór þáttur í starfi mínu sem og eftirlit með geymslum fyrir hráefni, s.s. kæli, frysti og þurrgeymslu. Einnig er GÁMES fylgt en það er gæðaeftirlitskerfi og farið eftir því. Því er farið vandlega yfir þær vörur sem berast í eldhúsið. Kannað er ástand þeirra, þakkingar, flutningar og meðhöndlun.

Með þetta að leiðarljósi er ávallt leitast við að hafa úrvalshráefni til meðhöndlunar. Einnig er mikilvægt að vera í mjög góðum samskiptum við birgja, bæði hvað varðar verð og gæði hráefnis. Matseðlarnir eru unnir til sex vikna í senn, í samráði við birgjana og hvort hægt sé að útvega besta mögulega hráefnið hverju sinni.

Stefnan er því sú að fylgja ráðleggingum Lýðheilsustöðvar og mannelisráðs, en þær fela í sér hollt, næringarríkt og heilsusamlegt fæði og að allir fái sem bestu gæði og hollustu sem völ er á hverju sinni.

Einnig er hlustað eftir hvaða óskir fólk hefur og reyni að taka tillit til þess hverju sinni. Leitast er við að hafa matinn heimilislegan og vel framsettan. Reynt er að hafa fjölbreytt meðlæti í boði þegar það er opið hús. Nú vonum við bara að þessir fordæmalaus tímar séu að baki og stefnum bjartsýn inn í komandi sumar.

Útgáfa og upplýsingaflæði

Eins og fyrr hefur félagið haldið uppi öfluggu upplýsingaflæði til félagsmanna og almennings.

- Við streymum flestum viðburðum og öllum fundum í Vefvarpið.
- Viðsjá, tímarit Blindrafélagsins, kemur út tvisvar á ári.
- Hljóðbrot, hljóðtímarit Blindrafélagsins, kemur að jafnaði út mánaðarlega og er aðgengilegt á miðlum félagsins og í hlaðvarpsveitum.
- Fréttabréf Blindrafélagsins kemur að jafnaði út á föstudögum.
- Heimasíðan er mikilvægur vettvangur, auk þess að vera gátt fyrir vefverslun Blindrafélagsins.
- Fésbókarsíða félagsins, er mikilvægt tól til að miðla upplýsingum um starfsemi félagsins til almennings

Félagsmál og jafningjastuðningur

Félagsmálafulltrúi og trúnaðarmenn

Félagsmenn Blindrafélagsins eru nú 730 talsins. Frá byrjun október 2020 til 1. apríl 2021 hafa 30 manns bæst í hópinn. Þegar nýir félagsmenn eru skráðir fá þeir senda möppu sem inniheldur kynningarefni um félagið og nýjasta tölublað tímaritsins Viðsjá. Trúnaðarmenn fá um leið upplýsingar um sína skjólstæðinga og hafa samband við þá eins fljótt og hægt er.

Félagsmálafulltrúi heldur einnig erindi fyrir tilvonandi leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd. Frá því í haust hefur kennslan annaðhvort legið niðri eða verið fjarkennsla. Sagt er frá Blindrafélaginu, ferðaþjónustu blindra og leiðbeint með hvernig best sé að aðstoða blinda og sjónskerta. Að jafnaði taka 10 til 15 manns þátt í þessum námskeiðum.

Trúnaðarmenn

Trúnaðarmenn halda reglulega samband við skjólstæðinga sína og er almenna reglan sú að þeir hringja tvisvar á ári. Trúnaðarmenn veita stuðning á jafningjagrunni. Þegar Covid-19 tímabilið hófst síðastliðið vor hringdu þeir oftast í skjólstæðingana en í haust var ákveðið að ekki væri almennt þörf á því. Lítil hópur félagsmanna, m.a. einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimilum eða einir, fær þó hringingu oftast frá trúnaðarmanni sínum. Fólk er almennt bjartsýnt um

fram tíðina og eldri félagsmenn taka

lífinu með æðruleysi. Yngri félagsmenn afþakka frekar þessa þjónustu eða biðja um símhringingu einu sinni á ári. Trúnaðarmenn benda fólki á ýmis bjargráð, m.a. sálfræði- og félagsráðgjafabjónustu hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Trúnaðarmenn eru þau Dagný Kristmannsdóttir, Helga Friðriksdóttir og Jón Helgi Gíslason.

Félagsstarfið

Margt af hefðbundnu félagslífi og samkomuhaldi hefur legið niðri á starfsárinu vegna samkomutakmarkana. Samt sem áður hefur tekist að halda úti ótrúlega miklu starfi með útsjónarsemi og breyttu sniði.

Opið hús

Opið hús er fastur liður í félagslífi Blindrafélagsins og mikilvægur hornsteinn fyrir fastagesti þess. Opið hús er ætlað öllum þeim sem vilja koma og skemmta sér í góðum félagsskap. Í Opnu húsi á fólk góðar stundir saman yfir kaffibolla og nýtur þess sem dagskráin kann að bjóða upp á hverju sinni, m.a. söngs, upplestrar, tónlistar og gamansagna. Lára Kristín Lárusdóttir er umsjónarmaður Opins húss.

Reyndin hefur verið sú að stærstur hluti gesta Opna hússins er eldra fólk en þó mætir þangað fólk á ýmsum aldri. Síðastliðið ár hefur aðsókn að Opnu húsi á þriðjudögum og fimmtudögum verið að meðaltali nálægt 12–15 manns. Opið hús var á starfsárinu því miður ekki með sínu sama hefðbundna sniði og verið hefur undanfarin ár en starfsemin fór samt sem áður fram á þriðjudögum og fimmtudögum frá klukkan 13:00 og stóð til kl. 14:30. Í stað þess að safnast saman í salnum okkar á 2. hæð aðlöguðum við okkur að aðstæðum í samfélaginu og byrjuðum beina útsendingu í gegnum Vefvarp Blindrafélagsins sem hefur opnað nýjar dyr fyrir þá félagsmenn sem ekki hafa komist til okkar á staðinn og geta þess í stað notið skemmtunarinnar heima í stofu. Einnig bættist sú nýjung við að upptökur af eldri opnum húsum eru nú aðgengilegar hvenær sem hentar fólki að hlusta.

Þótt aðstæðurnar þetta árið hafi ekki boðið upp á mikið náðum við þó að hittast alls 32 sinnum í salnum okkar.

Upptökur af Opnu húsi hafa verið mjög vinsælar og í janúarmánuði 2021 hafði verið hlustað á hvern þátt af Opna húsinu í meira en 100 skipti.

Umsjónarmenn Opna hússins voru Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir, Jónína Herborg Jónsdóttir, Ólafur Beinteinn Ólafsson, Steinunn Helgu Hákonardóttir og Anna Sigríður Helgadóttir. Einnig bættust Jón Júlíusson og Ingunn Jensdóttir aftur við hópinn okkar í afleysingum. Félagsmálafulltrúi hefur umsjón í afleysingum og fær skemmtikrafta til að taka að sér eitt og eitt Opið hús inn á milli. Lára Kristín Lárusdóttir, félagsmálafulltrúi Blindrafélagsins, hefur yfirumsjón með starfseminni og samræmdi dagskrá.

Opið hús fer vanalega í fimm ferðir og heimsóknir yfir árið en eins og gefur að skilja varð ekkert úr neinni slíkri skemmtun þetta árið.

Í ferðalögum sem og viðburðum nýtur félagsmáladeildin liðsinnis starfsmanna úr afgreiðslu og eldhúsi félagsins, bæði við undirbúning og framkvæmd.

Opið hús á laugardögum er haldið að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum yfir starfsárið. Félagsmálafulltrúinn hefur ávallt umsjón með dagskránni á laugardögum og fær skemmtilega gesti til að vera með fræðslu og tónlistaratriði. Dagskráin hefst kl. 11 með fræðsluerindi en á eftir því er framreiddur heitur matur áður en deginum lýkur með tónlistardagskrá. Á starfsárinu var Opið hús á laugardegi ekkert haldið en við hlökkum til þess tíma þegar við getum hafið þær skemmtanir aftur.

Jafnréttisnefnd

Jafnréttisnefnd hélt tvö rafræn erindi sem einnig var hægt að hlusta á í vefvarpinu. Fyrra erindið var um réttindi öryrkja Tryggingastofnunar og voru þær Anna Hugrún Jónasdóttir og Anna Elísabet Sæmundsdóttir með kynninguna.

Síðara erindið hélt Embla Ágústsdóttir um ableisma og öráreiti sem fatlað fólk upplifir í daglegu lífi.

Skemmtinefnd

Skemmtinefnd stóð fyrir tveimur viðburðum, jólahlaðborði og þorrablóti. Vegna aðstæðna var sú nýbreytni tekin upp að báðir viðburðirnir voru með fjarfundasniði og tókst það vonum framár. Þátttakendur pöntuðu veisluföng fyrir fram til að njóta heima yfir skemmtidagskrá og spjalli á fjarfundinum.

Bókmenntaklúbbur

Vegna Covid-19 hefur starfsemi bókmenntaklúbbs Blindrafélagsins legið niðri í vetur. Við vonumst sannarlega til að geta byrjað aftur af fullum krafti ekki síðar en í haust.

Formaður bókmenntaklúbbsins er Brynja Arthúrsdóttir.

Heilsuklúbbur Blindrafélagsins

Heilsuklúbbur Blindrafélagsins hefur verið starfandi frá hausti 2019. Starfsemi klúbbsins samanstendur af styrktaræfingum. Jóga og slökun er á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 16:30–18:15. Auk þess sem boðið hefur verið upp á danskennslu. Vegna Covid-19 hefur starfsemi klúbbsins raskast nokkuð en þó hafa verið send út æfingavídeó til meðlima klúbbsins. Heilsuklúbburinn hefur einnig haldið úti stólajóga í tengslum við Opið hús og má nálgast stólajógaæfingarnar í Vefvarpinu. Æfingarnar fara fram í heilsusalnum í Hamrahlíð 17. Yfir sumartímamann er haldið úti gönguferðum á miðvikudögum og

stundum um helgar í samvinnu við Heljarmennafélagið. Tímar hefur raskast þó nokkuð vegna Covid-19 og hefur þurft að fella niður marga tíma í salnum. Í staðinn hafa verið send út stutt líkamsræktarmyndbönd sem hafa mælst vel fyrir.

Umsjón með Heilsklúbbnum hefur Kristín Sjöfn Valgeirsdóttir jógakennari.

Heljarmennafélagið

Heljarmennafélagið stóð fyrir Laugavegsgöngu, frá Landmannalaugum í Þórsmörk, í byrjun júlí í samvinnu við Ferðafélag Íslands. Alls tóku 20 manns þátt. Í undanfara göngunnar var efnt til fjölda æfingagangna um helgar og á miðvikudögum, alls 12 æfingagöngur. Meðal annars var gengið á Hengilinn, Esjuna, Helgafell, Búrfellsgjá, Skálafell, Víðihlíðina og Úlfarsfell. Allar þessar æfingagöngur og Laugavegsgangan tókust einstaklega vel. Undirbúningur er hafinn fyrir göngu sumarsins 2021 og verður gengið á Víknaslóðum í nágrenni Borgarfjarðar eystri.

Retina Ísland

Retina Island (RP-deild) er vettvangur þeirra sem eru með arfgenga ólæknandi hrörnunarsjúkdóma í sjónhimnu og aðstandendur þeirra. Megináherslan er á fræðslu og jafningjastuðning og að fylgjast með því sem er að gerast í vísindarannsóknum sem miða að því að finna meðferðir við þessum sjúkdómum og miðla því til félagsmanna. Retina Ísland tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi innan Retina International og á samstarfsvettvangi norrænu systursamtakanna.

Aðalfundur Retina International (RI) sem átti að fara fram á Íslandi í júní var haldinn stafrænt sem Zoom-fundur 5. og 6. september 2020. Á fundinum hætti Christina Fasser sem forseti samtakanna eftir áratugalangt og farsælt starf en hún verður áfram til ráðgjafar. Franz Badura frá Þýskalandi var kjörinn nýr forseti. Kristinn H. Einarsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs í ár en í kosningunni til stjórnar var Caisa Ramshage frá Svíþjóð endurkjörin og Martin Smedstad frá Noregi er nýr stjórnarmaður. Norðurlöndin eiga því áfram góða fulltrúa í stjórninni.

Árlegur samráðsfundur norrænu RP-félaganna og deilda var haldinn í fjarfundi 28. nóvember 2020. Á þessum samráðsvettvangi upplýsa löndin hvert annað um helstu áskoranir og verkefni sem verið er að vinna að og aðrir geta lært af. Auk þess var upplýst og rætt um það sem hefur verið að gerast hjá Retina International. Einnig voru fyrirlestrar og umræður um nauðsyn þess að hafa greinagóða sjúklingaskrá og um nýjar og væntanlegar meðferðir sem eru til rannsóknar á meðfæddum hrörnunarsjúkdómum í augnbotnum. Margar klínískar rannsóknir eru í gangi og nú er einnig komin fram fyrsta genameðferðin sem hlotið hefur samþykki yfirvalda bæði í Bandaríkjunum (FDA) og í Evrópu (EMA). Það þarf ekki að taka fram hvað þetta er mikilvægt og

merkilegt framfaraskref. Meðferðin er við tilteknu afbrigði sem kemur fram í fólki á barnsaldri og er mjög ágengt. Danir og Norðmenn eru, enn sem komið er, eina norræna þjóðin sem hefur samþykkt að veita þessa meðferð en þrýst er á heilbrigðisyfirvöld annars staðar um að fylgja í kjölfarið. Ekki er vitað um neinn á Íslandi með þetta tiltekna afbrigði.

Á aðalfundi Retina International (RIWC) 2018 var Blindrafélaginu, fyrir hönd Retina Ísland, falið að halda ráðstefnuna árið 2020. Áætlað var að ráðstefnan yrði í Hörpu í byrjun júní 2020 samhliða norræna augnlæknaþinginu NOK2020 þar sem dagskrá beggja ráðstefnanna yrði samþættuð í sameiginlegri fyrirlestrálinu um arfgenga sjónhimnusjúkdóma. Undirbúningur hafði gengið mjög vel en nokkrum vikum fyrir áætlaðan dag varð ljóst að ekki gæti orðið af þessu vegna áhrifa kórónuveirunnar. Í samráði við Augnlæknafélag Íslands var ákveðið að fresta ráðstefnunum um tvö ár í trausti þess að ástandið verði þá komið í samt lag aftur. Stefnt er að því að halda þær 2022 á sama stað og með sama sniði og búið var að undirbúa. Þannig mun öll undirbúningsvinnan nýtast til fulls og við missum ekki af tækifærinu til að heyra frá fyrstu hendi hvað er markverðast að gerast á sviði rannsókna og þróunar á meðferðum við arfgengum hrörnunarsjúkdómum í sjónhimnu.

Nú er stefnan sett ótrauð á RIWC2022 og NOK2022 í Hörpu dagana 8.–11. júní 2022.

Samstarfsaðilar innanlands

Á starfsárinu átti Blindrafélagið aðild eða aðkomu að starfsemi og stjórnnum eftirfarandi samtaka, sjóða og stofnana:

- Almannaheill, samtök þriðja geirans,
- Almennarómur,
- Hjúkrunarheimilið Eir,
- Hljóðbókasafn Íslands,
- Margrétarsjóður,
- Sjóðurinn Blind börn á Íslandi,
- Stuðningur til sjálfstæðis, styrktarsjóður Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins,
- Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur,
- Tölvumiðstöð fatlaðra,
- Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, Öryrkjabandalag Íslands.

Lokaorð formanns

Líðandi starfsár fer vafalaust í sögubækurnar sem eitt hið sérstæðasta í sögu Blindrafélagsins. Þegar mest á reyndi sannaðist enn sem fyrr hversu mikill mannauður býr í starfsmannahópi Blindrafélagsins og Blindravinnustofunnar

sem tókust á við breyttar aðstæður af stakri þrýði. Fyrir hönd stjórnar Blindrafélagsins færi ég þeim öllum kærar þakkir fyrir vel unnin störf, mikla aðlögunarhæfni og útsjónarsemi við að láta allt ganga upp við erfiðar aðstæður. Velunnurum félagsins eru færðar bestu þakkir fyrir dýrmætan stuðning og vinarhug. Sömuleiðis færi ég stjórnarmönnum mínar bestu þakkir fyrir farsælt og ánægjulegt samstarf á árinu.

Forsvarsmönnum deilda, nefnda og klúbba innan félagsins sem og félagsmönnum, sem gert hafa starfsemi Blindrafélagsins jafn blómlega og raunber vitni í gegnum tíðina, færi ég kærar þakkir fyrir sitt verðmæta framlag. Hinn gagnkvæmi jafningjastuðningur sem fæst með góðri og víðtækri þátttöku félagsmanna er ómetanlegur og gefandi.

Jafnrétti, sjálfstæði, umburðarlyndi og virðing eru þau gildi sem Blindrafélagið hefur valið sér að leiðarljósi. Þau er gott að hafa í huga í dagsins önn og jafnframt einkunnarorð og megintilgang félagsins sem er stuðningur til sjálfstæðis.

Fyrir hönd stjórnar Blindrafélagsins,
Sigþór U. Hallfredsson, formaður

Aðrar skýrslur

Blindravinnustofan 2020

Blindravinnustofan var stofnuð árið 1941 og er vinnustofan einkahlutafélag að fullu í eigu Blindrafélagsins. Blindravinnustofan hefur frá stofnun gegnt mikilvægu hlutverki í atvinnumálum blindra og sjónskertra á Íslandi.

Markmiðið með starfrækslu hennar er að veita blindum og sjónskertum einstaklingum atvinnu, þjálfun og endurhæfingu til annarra starfa. Hjá Blindravinnustofunni starfa um 30 einstaklingar, þar meðtaldir rekstrarstjóri, þroskaþjálfari og leiðbeinandi. Starfsemin er í gangi alla virka daga ársins og vinna starfsmenn ýmist á morgun- eða síðdegisvöktum.

Rauði þráðurinn í starfsemi Blindravinnustofunnar felst í innflutningi á hreingerningarvörum til pökkunar og endursölu undir vörumerki Blindravinnustofunnar. Helstu viðskiptalönd Blindravinnustofunnar eru Þýskaland, Bretland, Svíþjóð, Kína og Bangladesh. Vörurnar eru m.a. seldar í matvöruverslunum, í apótekum og á bensínstöðvum. Önnur starfsemi Blindravinnustofunnar er til að mynda ljósmyndaskönnun, bastvöggugerð og viðgerðir, auk vörumerkinga fyrir ýmis fyrirtæki.

Covid-faraldurinn setti mikinn svip á rekstur og starfsemi Blindravinnustofunnar á árinu. Árið byrjaði í takt við áætlanir en allar áætlanir áttu eftir að breytast mikið með Covid. Mikil söluaukning varð í ákveðnum vöruflokkum sem tengdust faraldrinum og einnig hliðraðist öll starfsemin í takt við sóttvarnatilmæli. Starfsmönnum vinnustofunnar var skipt upp í smærri hópa. Þetta fyrirkomulag var nauðsynlegt en jafnframt skapaði það aukið álag fyrir starfsmenn. Starfsmenn unnu ekki bara í afmörkuðum

hópum heldur fór salan langt fram úr áætlunum. Hluti starfsmanna var á vinnustofunni, hluti í samkomusal á 2. hæð og síðan var hluti starfsmanna heima. Tilgangurinn með uppskiptingunni var fyrst og fremst fyrirbyggjandi til að rekstur vinnustofunnar myndi ekki stöðvast ef smit kæmi upp á vinnustaðnum. Allt gekk þetta upp og vinnustofan skilaði mjög góðri afkomu þetta árið.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu

Almennt um árið 2020 á Miðstöðinni

Starfsemin á árinu einkenndist af Covid-heimsfaraldrinum, annars vegar af almennum sóttvarnaráðstöfunum og hins vegar af þeim ráðstöfunum sem gripið var til hjá Miðstöðinni sjálfri. Strax í mars voru komnar takmarkanir á móttöku notenda og frá og með apríl má segja að um verulega takmarkandi aðgerðir hafi verið að ræða. Sumarmánuðirnir voru þó betri en þá komu líka til almenn sumarleyfi starfsfólks þannig að starfsemin hefur verið nánast í hægagangi allt árið eftir að Covid byrjaði.

Vegna Covid var ekki mikið um ferðir eða skipulagðar ráðstefnur þótt einhverjar ráðstefnur væri hægt að sækja í gegnum netið.

Kennsluráðgjafar gátu á tímabili ekki heimsótt skóla og aðrir ráðgjafar gátu t.d. ekki heimsótt notendur á öldrunar- eða hjúkrunarstofnanir. Ráðgjafar voru þó duglegir að finna aðrar leiðir til að sinna notendum, t.d. með teymisfundum sem haldnir voru með fjarfundabúnaði og með fjarfundaráðgjöf til kennara, maður á mann.

Margrét María Sigurðardóttir forstjóri hætti störfum í lok mars og hvarf til nýrra starfa, Bjarni Kr. Grímsson var settur forstjóri og gegndi því embætti út árið.


Höfuðmarkmið Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu er að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra, með áherslu á stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds, virkra tómtunda og atvinnuþátttöku. Starfsemi Miðstöðvarinnar er sniðin að þessu höfuðmarkmiði og því er veitt margvísleg ráðgjöf og fræðsla í sérkennslu, umferli, athöfnum daglegs lífs, sjónfræði, tölvum og tækni, félagsráðgjöf, sálfræðiráðgjöf og starfs-, náms- og virkniráðgjöf, bæði í húsnæði Miðstöðvarinnar og á heimili, vinnustað eða skóla notenda. Einnig sér stofnunin um að úthluta hjálpartækjum til notenda og má þar nefna gleraugu, stækkunargler, hvíta stafi, hljóðspilara, talgervla, stækkunartæki og leiðsöguhunda.

Áframhaldandi vinna hefur verið með nýtt tölvukerfi Miðstöðvarinnar, Visku, og auðveldar það alla tölfræðilega úttekt er varðar þjónustu og flokkun á sjónskerðingu.

Eitt af verkefnum Miðstöðvarinnar er að sjá um gleraugnaendurgreiðslur fyrir börn yngri en 18 ára, en alls fengu 3.823 einstaklingar gleraugnaendurgreiðslur árið 2020. Samtals voru greiddar rúmlega 30 m.kr. í endurgreiðslur á árinu.


Notendur

Í árslok 2020 voru 1.724 einstaklingar í skráðu ferli eða þjónustu hjá Miðstöðinni. Þar af voru 196 börn á aldrinum 0–18 ára, 372 einstaklingar á aldrinum 18–67 ára og 1156 voru eldri en 67 ára.



Tafla sem sýnir aldursdreifingu notenda.

Það er margt sem getur valdið sjónskerðingu eða blindu; augnsjúkdómar eða aðrar orsakir. Einstaka greiningar skera sig þó úr varðandi fjölda. Af notendum Miðstöðvarinnar eru 915 notendur (53%) greindir með aldurstengda augnbotnahrörnun (AMD), 97 notendur (5,6%) eru með gláku sem fyrstu greiningu en í allt er 161 einstaklingur skráður með gláku eða um 9,3%. 102 notendur (6%) eru með Arfgengahrörnunarsjúkdóma í sjónhimnu (IRD eða RP). Af þeim sem eru með AMD eru 50% í sjónskerðingarflokki 1, 32% lögblindir og 17% falla í blinduflokk. Af hópnum 18–67 ára eru 111 í sjónskerðingaflokki 1, 150 í lögblinduflokki 2 og 9, 42 í blinduflokki 3, 37 í blinduflokki 4 og 19 í blinduflokki 5. Þess má geta að 30 notendur á aldrinum 18–67 eru með heilatengda sjónskerðingu. Í allt eru um 90 notendur taldir hafa heilatengda sjónskerðingu. Undir sjónsviðsskerðingu eru þeir flokkaðir sem hafa misst sjónsvið vegna t.d. áfalla i heila.



Tafla sem sýnir fjölda notenda með eftirfarandi orsakir sjónskerðingu: AMD, gláku, RP, heilatengda sjónskerðingu og sjónsviðsskerðingu.

Af um 200 börnum eru 56 með heilatengda sjónskerðingu, 98 eru í sjónskerðingaflokki 0 og 1, 90 í lögblinduflokki 2 og 9, og 13 í blinduflokki 3, 4 og 5.

Miðstöðin heldur yfirlit yfir einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Með aldurstengda samþætta sjón- og heyrnarskerðingu eru um 290 og 64 einstaklingar eru skilgreindir með síðbúna eða meðfædda sjón- og heyrnarskerðingu.

Framleiðsludeild

Á árinu 2020 voru skráðar 1.870 pantanir hjá framleiðsludeildinni en árið 2019 voru þær 1.152. Hafa ber í huga að nýtt skráningarkerfi var tekið í notkun hjá Miðstöðinni í byrjun árs 2019 og skráningar því ekki marktækar á fyrstu mánuðum þess árs.

Langflestar pantanir eru vegna háskólaefnis eða alls 885. Þar á eftir koma pantanir fyrir grunnskóla, alls 815. Flestar pantanir sem fara frá bókagerðinni fara út í tölvutæku formi, þ.e. eru settar upp í word og/eða pdf til að hægt sé að nýta talgervil við lestur.

Einkar ánægjulegt er að segja frá því að á atvinnualdri nýta alls 15 notendur þjónustu framleiðsludeildar vegna háskólanáms. 24 fá þjónustu vegna framhaldsskólaefnis og 155 einstaklingar vegna efnis á grunnskólaaldri. Einnig gerir framleiðsludeildin efni sem styður við upphaf lesturs hjá börnum á leikskólaaldri.

Fræðsla

Miðstöðin hélt 26 námskeið og fræðslufundi til samanburðar við 33 námskeið árið 2019. Þátttakendur voru um 214 talsins og tímafjöldi samtals 65,5 klukkustundir. Töluvert meiri tímafjöldi og þátttakendur voru bak við námskeiðin 2019 eða 88 klukkustundir og 470 þátttakendur. Þrátt fyrir að

árið 2020 væri mjög sérstakt urðu námskeiðin fjölbreytt, s.s. námskeið fyrir foreldra blindra barna á aldrinum 10–16 ára og námskeið fyrir starfsfólk sveitarfélags.

Þróunarverkefni

Miðstöðin er þátttakandi í nokkrum þróunarverkefnum sem mun ljúka 2021. Mjög mikilvægt er fyrir stofnun eins og Miðstöðina að bæta við sig þekkingu til að framþróun geti átt sér stað og að starfsfólk geti átt í samskiptum við aðra í sama geira.

Verkefnin sem nú er unnið að eru eftirfarandi:

I-Express II – Verkefnið gengur annars vegar út á að búa til forrit sem hjálpar fagfólki sem vinnur með einstaklingum með MDVI og hins vegar að nota skimunarlista sem búinn var til í *iExpress I* verkefninu. Ábyrgðaraðili forritsins er ASPAYM Valladolid á Spáni en VISIO í Hollandi er umsjónaraðili verkefnisins í heild.

Niðurstöður *iExpress I* verkefnisins voru m.a. að búa til handbók með leiðbeiningum fyrir skimunarlista (tölvunotkun, spjaldtölvu) fyrir fagfólk og kennara sem vinna með MDVI-nemendum.

Verkefnið var framlengt til ársins 2021 þar sem allar áætlanir röskuðust vegna heimsfaraldursins. Niðurstöðurnar verða nýttar til að gera einstaklingsáætlun í upplýsingatækni fyrir fagfólk og kennara. Þær yrðu hluti af verkfærakistu sem hægt væri að nýta til að taka stöðuna og skoða tölvu- og tæknifærni nemenda með MDVI og meta framfarir þeirra í þeim.

VIVA-verkefnið gengur út á að valdefla ungt, blint og sjónskert fólk á aldrinum 18–30 ára og veita því tækifæri til að efla leiðtogahæfileika, jákvæða sjálfsmynd og samvinnu. Þátttakendur fræðast um félagslega frumkvöðla (e. social entrepreneurship) og atvinnutækifæri tengd því að stofna eigið fyrirtæki. Miðstöðin hefur fengið til liðs við sig ungt og efnilegt fólk sem mun taka þátt í verkefninu bæði innanlands og erlendis. Með verkefninu á einnig að framleiða bók með aðferðum og hópeflisleikjum sem henta sérlega vel fyrir blint og sjónskert fólk. Efnið verður auk þess aðgengilegt á netinu þegar verkefninu lýkur. *VIVA*-verkefnið hefur dregist verulega saman, sérstaklega þar sem það byggir á leikrænni tjáningu og því mikilvægt að fólk sem tók þátt í því hittist. Unnið er að því að ljúka verkefninu á árinu 2021 á eins heppilegan hátt og aðstæður leyfa.

Print 3D lauk í ársbyrjun 2020. Verkefnið gekk út á að þróa kennsluleiðir varðandi þrívíddarprentun, með sérstakri áherslu á kortagerð. Hlutverk Miðstöðvarinnar var að búa til kennslubók og leiðbeiningahefti um þrívíddarprentun bæði fyrir kennara og nemendur.

Sótt var um í sjóðinn *Stuðningur til sjálfstæðis* fyrir þróunarverkefni sem ber nafnið *Að hugsa sér – Bækur fyrir blind og sjónskert börn*. Markmið verkefnisins *Að hugsa sér* er að veita blindum börnum aðgengi að bókum sem hefur verið mjög takmarkað á Íslandi fram til þessa. Mikilvægt er að mæta þörfum blindra barna fyrir bækur til jafns við sjáandi börn. Þegar útbúa á bók þarf að huga að ýmsu eigi bókin að vera aðgengileg fyrir blind börn þar sem þau þurfa að nota önnur skynfæri en sjón við lestur og skoðun bóka. Verkefnið hófst í september 2020 og mun ljúka í september 2021. Ekki var byrjað á neinum nýjum Evrópuverkefnum á árinu 2020.

Lokaorð

Árið 2020 var ár áskorana hjá starfsfólki Miðstöðvarinnar líkt og hjá öðrum í samfélaginu. Það reyndi á starfsfólk að vera útsjónarsamt til að halda starfsemi gangandi. Vinnan okkar felst í miklu návígi við notendur okkar og því hefur margt orðið út undan á árinu. Við horfum því til bjartari tíðar á seinnihluta ársins 2021, eins og flestir landsmenn, og vonumst til að geta rekið starfsemi okkar óskerta eftir þann tíma.

Starfsemi Hljóðbókasafns Íslands árið 2020

Árið 2020 krafðist nýrra lausna og hugmynda þar sem heimsfaraldurinn Covid-19 hafði mikil áhrif á allt samfélagið. Með samstilltu átaki starfsmanna tókst að halda úti góðri þjónustu við lánþega og skiptust starfsmenn á að vinna heima og á starfsstöð og var ráðstöfunin liður í því að gæta varúðar og tryggja að ekki þyrfti að koma til þjónustuskerðingar. Safninu var lokað fyrir gesti stóran hluta ársins, eins og sóttvarnir kváðu á um, en símaþjónusta og rafræn þjónusta var efld til muna og því þurfti ekki að koma til lokunar á þjónustu enda er hún að stórum hluta rafræn og eða í gegnum síma.

Í heimsfaraldri þar sem menningarstarfsemi lá að mestu niðri varð starfsfólk Hljóðbókasafnsins vart við mikinn áhuga á að opna safnið fyrir almenningi. Slíkt er með öllu óheimilt enda um sérsafn að ræða sem sinnir aðgengismálum einvörðungu. Erindum var svarað af tillitsemi og starfsemin útskýrð en töluverður þrýstingur myndaðist um tíma.

Framleiðsla á bókum gekk vel þrátt fyrir að upptökuhljóðverin væru einsetin svo tryggja mætti öryggi lesara og stundum ekki lesið vegna Covid-19. Fleiri bækur voru keyptar af útgefendum en fyrri ár, en mikil aukning hefur orðið í hljóðbókaútgáfu bókaforlaganna og hljóðbækur eru orðnar vinsæl sölu- og markaðasvara. Það var því í takt við þróun sem safnið óskaði eftir að kaupa í meira mæli en áður hljóðrit af markaði, sérstaklega fyrir jólin. Þann 16. mars tók nýr forstöðumaður til starfa, Marín Guðrún Hrafnisdóttir, og tók hún við af Einari Hrafnssyni deildarstjóra framleiðsludeildar sem var settur forstöðumaður.

Hlutverk og áherslur

Hljóðbókasafnið Íslands hefur lögbundið hlutverk að veita þeim sem geta ekki, af einhverjum ástæðum, lesið prentað mál, bókasafnsþjónustu. Þetta er gert með því að framleiða efni á aðgengilegu formi og miðla til þeirra sem á þurfa að halda. Stærsti hópur lánþega eru nemendur sem glíma við lesblindu. Næst stærsti hópurinn eru blindir og sjónskertir.

Stefnumótun safnsins 2021-2023 miðar að því að framleiða og laga efnisval að þörfum og óskum lánþega sem er jafnframt lögbundið hlutverk safnsins. Stefnt er að því að auka framleiðslu aðgengilegra bóka og sérstaklega á hljóðbókum með texta.

Safnið er í sífelldri þróun í samræmi við tæknilegar framfarir, sem m.a. kallar á virka þátttöku í erlendu samstarfi. Stefnt er að því að Hljóðbókasafnið standi jafnfætis Norðurlöndum í þekkingu og þjónustu og veiti lánþegum bestu mögulegu þjónustu.

Breyting á 19. grein höfundalaga

Á árinu vann Alþingi að frumvarpi til laga um breytingar á höfundalögum er varða takmarkanir á einkarétti til hagsbóta fyrir fólk með sjón- eða lestrarhömlun. Breytingar á höfundalögum eru nauðsynlegur undanfari þess að fullgilda Marrakess sáttmálann um aðgengi blindra og sjónskertra að höfundarréttarvörðu efni. Hljóðbókasafnið sendi inn umsögn til Allsherjar- og menntamálanefndar þar sem fyrirhuguðum breytingum var fagnað og forstöðumaður fékk tækifæri á að fylgja umsögn eftir á fundi Allsherjar- og menntamálanefndar í janúar 2021. Með breytingunni er stigið mikilvægt skref í þá átt að skilgreina betur og skerpa á hlutverki og skyldum safnsins til samræmis við áþekkar stofnanir á Norðurlöndum og um heim allan. Marrakess sáttmálinn setur skýrar reglur um meðferð höfundarréttarmála og gerir söfnum kleift að skiptast á efni milli landa. Hann er því afar mikilvægur til að bæta aðgengi blindra, sjónskerta og annarra lestrarhamlaðra að les- og prentefni.

Nýr samningur við Rithöfundasambandið

Á árinu var tekin ákvörðun um að samningsaðili vegna samnings Hljóðbókasafns Íslands og Rithöfundasambands Íslands verði eftirleiðis Hljóðbókasafnið en ekki Mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir hönd safnsins eins og áður hefur verið. Viðræður hófust á árinu og áfram verður unnið að gerð nýs samnings á árinu 2021 en Rithöfundasambandið hefur lengi kallað eftir því að samningurinn við safnið verði endurskodaður.

Húsnæðismál

Mikil uppbygging er fyrirhuguð í Hamraborginni og því ljóst að mikill hávaði mun skapast á næstu árum sem mun reynast starfseminni erfiður þar sem hávaði og hljódupptökur fara illa saman. Haldnir voru samráðsfundir með

Kópavogsbæ vegna framkvæmdanna í samvinnu við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem einnig er staðsett að Digranesvegi 5. Óvíst er hvenær framkvæmdir munu hefjast en stefnt er að því að verkefnið hefjist í lok árs 2021. Hönnun á stækkun húsnæðis Blindrafélagsins í Hamrahlíð er einnig fyrirhuguð og á árinu bauð Blindrafélagið safninu að taka þátt í hönnunarvinnu með það í huga að safnið flyttist þangað. Þeirri hugmyndavinnu verður framhaldið á árinu 2021 en ekki liggur fyrir ákvörðun frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um flutninga safnsins.

500 bækur lesnar fyrir safnið

Á fullveldisdaginn, 1. desember, var Þórunni Hjartardóttur veitt viðurkenning fyrir ómetanlegt framlag á lestri bóka fyrir Hljóðbókasafn Íslands, en hún hefur á árunum 1992-2020 lesið inn 500 bækur fyrir safnið. Með viðurkenningunni var Þórunni þakkaður framúrskarandi lestur og minnt á mikilvægi þess að allir hafi rétt á upplýsingum og bókum.

Umbætur

Nýjar alþjóðlegar kröfur um aðgengileika bóka kalla á ný vinnubrögð þegar kemur að gerð sérlausna. Aukinn áhugi og þörf er fyrir aðgengilegar bækur með samstilltu hljóði og texta. Þetta er nauðsynlegt fyrir marga lesendahópa þar sem hljóðbækur teljast ekki fyllilega aðgengilegar í dag.

Hljóðbókasafnið fór á árinu 2020 í átaksverkefni til að auka sjálfvirkni í framleiðslu aðgengilegra bóka. Ráðinn var forritari í gegnum atvinnuátaksverkefni ríkisstjórnarinnar og smíðaður hugbúnaður sem getur á einfaldan hátt búið til einfaldar, aðgengilegar „full-text“ bækur þegar sambærilegar hljóð- og textaskrár eru til staðar. Þessi vinna hefur nú skilað sér inn í samstarf við systursöfn okkar á Norðurlöndum og er m.a. hafin vinna hjá Nota í Danmörku sem byggir á þessu átaksverkefni safnsins.

Hljóðbókasafnið varð virkur þátttakandi í samstarfi háskóla, stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka um þróun máltækni fyrir íslensku á árinu, SÍM verkefninu svokallaða. Máltækniáætlun SÍM miðar að því að íslenska sé notuð á öllum sviðum upplýsingatækni og að hugbúnaður geti skilið íslensku líkt og önnur tungumál. Mikilvægt er fyrir safnið að taka þátt í þróun sem þessari þar sem máltæknilausnir munu verða sífellt mikilvægari í þjónustu og framleiðslu safnsins.

Samstarf

Samráðshópur Hljóðbókasafnsins hittist nokkrum sinnum á árinu en honum er ætlað að vera forstöðumanni til ráðgjafar um stefnu safnsins og önnur málefni sem varða starfsemi þess.

Blindrafélagið er án vafa einn mikilvægasti bakhjarl safnsins og samstarfsaðili. Skoðanakannanir hafa sýnt fram á mikilvægi safnsins og ánægju sjónskertra og blindra með þjónustuna.

Safnið leggur áherslu á góð samskipti við réttihafa og á árinu hófst vinna við að kanna hvort rétt væri að útlán Hljóðbókasafns yrðu hluti af greiðslum úr bókasafnssjóði höfunda.

Safnið vinnur markvisst að því að auka samskipti við útgefendur og í haustbyrjun var óskað eftir samstarfi við þá og greint frá áhuga safnsins á að kaupa hljóðrit af markaði. Bókaforlögin voru mörg hver að stíga sín fyrstu skref í hljóðbókaútgáfu og komu sumar hljóðbækur því seint á markað og ekki á sama tíma og prentuð eintök. Samstarfið um kaup af markaði gekk því ekki eins vel og vonir stóðu til enda safninu ekki stætt á að fresta aðgengi lánþega að bókum.

Betri þjónusta

Á árinu hófst vinna við að uppfæra gagnagrunn (Oracle) og tengdar þjónustur sem liggja að baki safnkosti og rafrænna kerfa safnsins. Sýnt var að ekki væri lengur hægt að fresta þessum uppfærslum vegna rekstraróryggis og síendurtekinna rofa á rafrænni þjónustu við lánþega. Þá var Hljóðbókasafni Íslands, eins og öðrum ríkisstofnunum, gert að færa Microsoft umhverfi undir svokallaðan ríkistenant og var unnið við innleiðingu þess kerfis á árinu.

Betri vinnutími

Þann 9. október tók gildi hámarks stytting vinnuvikunnar hjá starfsmönnum Hljóðbókasafnsins undir merkjum Betri vinnutíma. Í samræmi við yfirlýst markmið og fyrirmæli um markviss vinnubrögð samhliða styttingunni er lögð áhersla á rafræna þróun sem auðveldar mjög alla umsýslu. Áfram er þó lögð áhersla á persónulega þjónustu við lánþega.

Norrænt samstarf

Samráðsfundir Norðurlandasafnanna eru afar mikilvægir og skila margvíslegum ávinningi. Nýr vefspilari var tekin í notkun á árinu en hann er keyptur frá hljóðbókasafninu NOTA í Danmörku og því hluti af verkefnaþæðri norrænni samvinnu.

Ísland tekur þátt í flestum samnorrænum verkefnum safnanna en það sem bar hæst á árinu var rafræn ráðstefna sérstaklega ætluð útgefendum og starfsfólki bókasafna til upplýsingar um aðgengilega útgáfu. Á ráðstefnunni komu fram alþjóðlegir fyrirlesarar með sérþekkingu á rafrænni og aðgengilegri útgáfu og kynntu ávinninginn af því að gera bækur aðgengilegar. Þannig mætti ná til fjölbreyttari lesendahóps og gera vöruna áhugaverða fyrir alla.

Með góðum kveðjum og þökkum fyrir árið

Marín Guðrún Hrafnadóttir

Apríl 2021





BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939



Hamrahlíð 17 - 105 Reykjavík - Sími:525 0000 - blind.is - blind@blind.is